



Samþykki yfirtökutilboðs í hluti Eikar fasteignafélags hf.

Nafn hluthafa í Eik fasteignafélagi hf.

Kennitala

Símanúmer

Netfang

Í samræmi við 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur („lög um yfirtökur“) hefur Langisjór ehf., kt. 691205-2070, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík („tilboðsgjafi“) gert hluthöfum í Eik fasteignafélagi hf., kt. 590902-3730, Sóltúni 26, 105 Reykjavík („Eik“) yfirtökutilboð, líkt og því er lýst í tilboðsyfirliti dagsettu 20. september 2024 („tilboðsyfirliti“). Hér eftir verður vísað til framangreinds yfirtökutilboðs sem „yfirtökutilboðsins“.

FJÖLDI HLUTA OG VERÐ

Ofangreindur hluthafi í Eik („hluthafinn“) kys að ganga að yfirtökutilboðinu þannig að það nái til eftirfarandi fjölda hluta hans í Eik („hlutirnir“):

☐ Allir hlutir í eigu hluthafa

☐ Tiltekinn fjöldi hluta í eigu hluthafa, samtals fjöldi: _____

Kaupverð samkvæmt yfirtökutilboðinu er kr. 11 fyrir hvern hlut í Eik, kvaða- og veðbandalausar

Með undirritun sinni á samþykkiseyðublað þetta framselur hluthafinn hlutina til tilboðsgjafa á verðinu kr. 11 fyrir hvern hlut sem greitt verður fyrir í íslenskum krónum með reiðufé í samræmi við ákvæði tilboðsyfirlitsins. Greiðsla kaupverðs er háð því að þær upplýsingar, sem farið er fram á í samþykkiseyðublaði þessu, séu fullnægjandi að mati tilboðsgjafa.

Hluthafinn staðfestir að hann hafi móttengið öll nauðsynleg skjöl, þ.m.t. tilboðsyfirlitið og samþykkir skilmála þess. Þar að auki lýsir hluthafinn því yfir að hann sé löglegur eigandi hlutanna, hlutirnir séu veðbanda- og kvaðalausir og heimilar tilboðsgjafa og umsjónaraðila hans, Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („umsjónaraðili“) að kanna hvort eigendaskipti geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

GREIÐSLA OG AFHENDING

Vörslusafn/vörslureikningur hluthafans þar sem hlutirnir eru varslaðir:

Vörslureikningur

Reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki

Uppgjör vegna hlutanna fer fram eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins er liðinn, í samræmi við 7. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur og tilboðsyfirlitið. Reikningsstofnun hluthafans kann að vera heimilt að halda eftir þóknun vegna afhendingar og framsals hlutanna af vörslusafni hluthafans. Greiðsla fyrir hlutina verður lögð inn á þann bankareikning sem tengdur er vörslusafni/vörslureikningi hlutanna. Greiðsla er háð því að samþykkiseyðublað þetta hafi verið rétt fyllt út eða metið gilt af tilboðsgjafa, hluthafinn eigi tilgreint vörslusafn/vörslureikning hjá reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki og hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir samkvæmt skráningu hjá verðbréfamistöð Nasdaq CSD. Tilboðsgjafi og umsjónaraðili áskilja sér rétt til að fá staðfestingu á hvort kvaðir eða veðbönd séu á hlutunum áður en greiðsla fer fram. Séu hlutirnir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggja ekki fyrir.

SAMÞYKKI

Vilji hluthafinn samþykkja yfirtökutilboðið skal hann:

- annað hvort skila frumriti af rétt útfylltu samþykkiseyðublaði þessu á skrifstofu umsjónaraðila að Borgartúni

19, 105 Reykjavík, merkt „Yfirtökutilboð Eik“ eða hins vegar samþykkja tilboðið rafrænt á vef yfirtökutilboðsins á vefslóðinni www.arionbanki.is/eik með því að skrá sig inn og samþykkja með rafrænum skilríkjum; og

- greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar vegna afhendingar og framsals hlutanna af vörslusafni/vörslureikningi hluthafans.

Sé samþykki ekki skilað rafrænt fyrir kl. 13:00 þann 18. október 2024, þá verður réttilega útfyllt frumrit samþykkiseyðublaðs þess að hafa borist umsýjónaraðila innan fyrrnefndra tímamarka. Hluthafinn er ábyrgur fyrir því að koma frumriti samþykkiseyðublaðsins til umsýjónaraðila.

Þar sem hlutirnir eru rafrænt skráðir hjá verðbréfamiðstöð Nasdaq CSD er nauðsynlegt fyrir þá hluthafa sem vilja samþykkja yfirtökutilboðið að eiga vörslusafn/vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálafyrirtæki sem hefur gert samning um aðild að verðbréfamiðstöð Nasdaq CSD. Eigi hluthafinn ekki vörslusafn/vörslureikning, felur samþykki þetta í sér heimild til umsýjónaraðila að hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslusafns/vörslureiknings svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna framsalsins. Í samþykki hluthafans felst jafnframt heimild til umsýjónaraðila, eigi hluthafinn vörslureikning hjá annarri reikningsstofnun, að senda samþykkiseyðublaðið eða staðfestingu á rafrænu samþykki til viðeigandi reikningsstofnunar til að láta framkvæma viðskiptin.

Í samþykki hluthafans felst jafnframt heimild til umsýjónaraðila að annast milligöngu viðskipta með hlutina, þ.m.t. óska eftir millifærslu þeirra af vörslusafni/vörslureikningi hluthafa hjá reikningsstofnun á tímabundið vörslusafn á kennitölu umsýjónaraðila, þaðan sem hlutirnir verða fluttir á vörslusafn tilboðsgjafa hjá umsýjónaraðila.

Eftir að samþykkiseyðublaði þessu hefur verið skilað til umsýjónaraðila ellegar yfirtökutilboðið samþykkt rafrænt sbr. framangreint, er hluthafanum óheimilt að ráðstafa hlutunum með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Sérhvert samþykki er skuldbindandi og óafturkallanlegt. Hluthafar sem hafa samþykkt yfirtökutilboðið munu áfram verða bundnir af samþykki sínu ef gildistími tilboðsins er framlengdur.

Gildistími yfirtökutilboðsins er fjórar (4) vikur, frá kl. 09:00 þann 20. september 2024 til kl. 13:00 þann 18. október 2024. Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort að samþykkiseyðublaðið sem berast eftir gildistíma tilboðsins verði tekin gild. Framlengja má yfirtökutilboðið í samræmi við heimildir í ákvæðum laga um yfirtökur.

Tilkynning um niðurstöður yfirtökutilboðsins verður birt í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Eikar, www.eik.is, innan þriggja (3) viðskiptadaga frá lokum gildistíma yfirtökutilboðsins sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um yfirtökur.

Um yfirtökutilboðið og samþykki þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um yfirtökutilboðið eða samþykkið skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Undirskriftarsíða á næstu síðu

Vilji hluthafinn samþykkja yfirtökutilboðið skal hann rita nafn sitt hér að neðan því til staðfestingar. Ef hluthafinn er félag eða lögaðili skal skjalið undirritað af hálfu þess/þeirra aðila sem heimild hafa til að skuldbinda viðkomandi félag eða lögaðila. Ef undirritað er samkvæmt umboði skal umboðið jafnframt fylgja samþykktareyðublaði þessu. Umsýsluaðili áskilur sér rétt til að óska eftir staðfestingu þess efnis að sá/þeir sem undirriti skjalið fyrir hönd félags eða annars lögaðila hafi til þess heimild.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Nafn og staða í prentstöfum (ef við á)

Undirskrift

Nafn og staða í prentstöfum (ef við á)